

## 18. fundur skólaráðs – 4. mars 2025

Fundurinn hófst kl. 8:10

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Íris Huld Christersdóttir, Alma Auðunardóttir fulltrúi kennara, Þorgeir Ragnarsson fulltrúi annarra starfsmanna og Arnheiður Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Fulltrúar nemenda voru Mattea Líf Kristinsdóttir og Egill Seljan Arnarson. Sunna Dís Kristjánsdóttir fulltrúi kennara boðaði forföll. Hákon Steinsson fulltrúi foreldra boðaði forföll.

### Dagskrá:

- Lestur og læsi** – Skólastjóri fór yfir niðurstöður úr Lesfimiþrófi frá því í janúar. Rætt um læsi og mikilvægi þess að nemendur sinni þjálfun heima. Skólastjóri fór yfir tölfraði úr forritinu Læsi, rétt rúmlega helmingur nemenda las heima í gær 3. mars og er það í samræmi við þær tölur sem við sjáum daglega. Í síðustu viku var enginn lestur skráður á þriðjung nemenda. Rætt var um hvernig hægt væri að breyta þessu sérstaklega í ljósi þess að lestur er eina heimanámið. Fulltrúi foreldra nefndi að gott væri að senda fólki upplýsingar um tölfraðina, það ýtti við mörgum. Skólastjóri mun taka málið upp við stjórn foreldrafélagsins.
- Ósk um breytingu á skóladagatali 2024-2025** – Ósk skólans er að flytja skólaslitin frá þriðjudeginum 10. júní fram á síðdegð föstudaginn 6. júní. Föstudagurinn 6. júní er í dag skertur dagur líkt og skólaslitardagurinn og hann yrði þar með tvítalinn ef nemendur koma aftur í skólann sama dag á skólaslit. Ósk skólans samþykkt.
- Drög að skóladagatali 2025-2026** – Lögð fram drög að skóladagatali Engidalsskóla skólaárið 2025-2026. Dagatalið samþykkt með einni athugasemd, gleymst hafði verið að gera ráð fyrir íþróttadegi og var hann settur niður 10. júní 2026.
- Niðurstöður vinnustaðargreiningar 2025** – Skólastjóri fór lauslega yfir niðurstöður vinnustaðargreiningar Engidalsskóla. Niðurstöðurnar eru mjög góðar og svörun rúmlega 81%.

Fundi slitið kl. 8:45